

Framlag Jöfnunarsjóðs . . . . .	1 472 905 406,00
Dráttarvextir óinnheimtir . . . . .	1 027 001 252,00
Óráðstafað eigið fé . . . . .	534 941 350,00
	<hr/>
	3 062 292 701,00
	<hr/> <hr/>

Reykjavík, 7. febrúar 1991.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga

**Sigurgeir Sigurðsson, Sigurjón Pétursson,**  
**Þórhildur Líndal, Árni Guðjónsson.**

Nr. 270

30. júní 1992

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Leirubakki.

Samkvæmt ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á staðgreinireit 4.633.203 úr svæði fyrir verslun og þjónustu í svæði fyrir verslun, þjónustu og íbúðir.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1992.*

F. h. r.

**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 271

30. júní 1992

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á lóð nr. 18 við Merkigerði úr verslunarlóð í lóð fyrir verslun og íbúðir.

Bæjarstjórn Akraness tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1992.*

F. h. r.

**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*